

# Textílfélagið

LÖG

FYRIR

TEXTÍLFÉLAGIÐ

1986

## I. KAFLI

### Nafn, heimili og tilgangur félagsins

#### 1. gr.

Félagið heitir Textílfélagið, félag textíllistamanna.

#### 2. gr.

Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík og starfsvið þess allt landið.

#### 3. gr.

Tilgangur félagsins er a) Að gæta hagsmuna félagsmanna og bæta kjör þeirra. Ennfremur að leitast við að efla og styrkja atvinnugrein þeirra á hvern þann hátt sem við verður komið. b) Að semja og leiðbeina um fagleg og lögfræðileg atriði og gæta þess að réttindi félagsmanna séu virt og fagleg þekking þeirra viðurkennd. c) Að stuðla að aukinni menntun textíllistamanna og vinna að auknum skilningi og þekkingu fyrirtækja, félaga og almennings á starfi þeirra. d) Að vera fulltrúi gagnvart sambærilegum félögum erlendis og koma þar fram f.h. Íslands.

## II. Kafli

#### 4. gr.

Félagar geta orðið þeir sem uppfylla þrjú af neðangreindum atriðum:

1. Hafa lokið námi í viðurkenndum listaháskóla samkvæmt yfirlýsingu frá viðkomandi skóla.
2. Hafa stundað framhaldsnám við viðurkennda listastofnun erlendis.
3. Hafa haldið eina einkasýningu.
4. Hafa tekið þátt í samsýningu einhverra eftirtalinna félaga: FÍM, Íslensk grafík, Textílfélagið, Myndhöggvarafélagið, Hagsmunafélagið, Leirlistafélagið.
5. Hafa tekið þátt í samsýningu styrktri af opinberum aðilum.
6. Hafa tekið þátt í alþjóðlegri sýningu eða hafa tekið þátt í minnst fimm samsýningum öðrum en þeim sem fyrr greinir.
7. Hafa unnið eina listskreytingu á opinberum vettvangi er fjallað hefur verið um af dómnefnd listkunnandi manna.

8. Hafa gert minnsta kosti eitt verk sem til er í opinberri eigu, keypt af viðkomandi safnráði eða matsnefnd.

9. Hafa hlotið opinberan styrk eða starfslaun.

Leggja má fram upplýsingar er greina nánar aðra listræna starfssemi en um er getið í ofangreindum liðum. Einnig má leggja fram minnst fimm myndverk til umfjöllunar. Stjórn og sýningarnefnd félagsins skal fjalla um umsókn. Sætti umsækjandi sig ekki við niðurstöðu matsaðila, getur hann vísað málinu til aðalfundar og ræður einfaldur meirihluti atkvæða.

5. gr.

Félagsmanni sem að dómi aðalfundar hefur orðið uppvís að því að vinna gegn hagsmunum félagsins má vísa úr félaginu og þarf til þess 2/3 greiddra atkvæða.

6. gr.

Úrsögn úr félaginu ber að tilkynna stjórninni skriflega.

7. gr.

Árgjald sé samþykkt á aðalfundi. Greiði félagismaður ekki gjöld sín fyrir aðalfund að ári missir hann atkvæðisrétt sinn þar til hann hefir lokið skuld sinni við félagið. Eftir 1. október hækka ógreidd gjöld um 20%. Hafi félagismaður ekki greitt félagsgjöld í tvö ár, fellur hann sjálfkrafa úr félaginu.

### III. Kafli

#### Félagsfundir

8. gr

Lögmætir félagsfundir hafa æðsta vald í öllum félagsmálum með þeim takmörkum, sem í þessum lögum felast.

9. gr

Aðalfund skal halda í maí mánuði ár hvert. Skal hann boðaður skriflega með 10 daga fyrirvara. Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

10. gr

Félagsfundi skal halda að frumkvæði stjórnar eða ef 1/3 félagsmanna óskar þess. Félagfundi skal boða með minnst viku fyrirvara. Fundur er löglegur sé löglega til hans boðað og ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála.

11. gr.

Stjórnarkjör fer fram á aðalfundi og sé kosning skrifleg. Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega. Kjörtímabil stjórnar er tvö ár. Engin má sitja lengur í stjórn en í tvö kjörtímabil í röð í sama embætti.

12. gr.

Á aðalfundi skal leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins, skýrslu stjórnar og nefnda, kjósa stjórn, endurskoðanda, laganefnd, sýningarnefnd, Tríennalnefnd og fulltrúa í fulltrúaráð SÍM.

13. gr.

Lagabreytingar má aðeins gera á löglegum aðalfundum og þurfa þær að hljóta 2/3 hluta greiddra atkvæða til samþykkis.

#### IV. KAFLI

##### Stjórn félagsins

14. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og einn meðstjórnandi. Auk þess skal kjósa einn varamann.

15. gr.

Stórnarfundi skal halda svo oft sem þurfa þykir. Þeir eru löglegir ef þrír stjórnarmenn sækja þá.

16. gr.

Stjórn félagsins skal halda gerðarbók.

17. gr.

Ritari stjórnar geymir alla pappíra félagsins og skulu þeir liggja frammi á aðalfundi.

#### V. KAFLI

##### Störf nefnda

18. gr.

Sýningarnefnd skal kosin á aðalfundi, skipa hana fimm menn og einn til vara. Kosið er til tveggja ára. Sýningarnefnd kjósi formann, ritara og gjaldkera á fyrsta fundi sínum. Sýningarnefnd er framkvæmdaraðili en ákvarðanir um sýningarhald innanlands og utan og val á þátttakendum er háð samþykki stjórnar.

19. gr.

Tríennalnefnd skal kosin á aðalfundi. Skipa hana fjórir menn og einn til vara. Ganga tveir nefndarmanna út þriðja hvert ár, þeir sem lengst hafa setið þannig að nefndarstörf miðist við sex ár í senn.

Einhver úr stjórn félagsins skal eiga sæti í Triennialnefnd en þó eigi að vera formaður hennar. Falli atkvæði jöfn innan nefndarinnar skal atvæði stjórnarmanns gilda tvöfalt. Triennialnefnd kjósi formann, ritara og gjaldkera á fyrsta fundi sínum. Fjárreiður Triennialnefndar eru óháðar fjárhag félagsins en nefndin skili endurskoðuðum reikningum á aðalfundi félagsins.

20. gr.

Laganefnd skal kosin á aðalfundi. Skipa hana tveir félagsmenn. Skal hún gera tillögu um lagabreytingar til aðalfundar ef þörf þykir skv. skriflegri ábendingu félagsmanna eða að eigin frumkvæði.

## VI. KAFLI

### Spjaldskrár

21. gr.

Félagið hafi undir höndum spjaldskrár með skygnum af frumsömdum verkum félagsmanna.

22. gr.

Spjaldskráin sé í einu eintaki sem skal vera í vörslu formanns sýninganefndar.

23. gr.

Tilgangur með spjaldskránni er að kynna verk félagsmanna innanlands og utan.

24. gr.

Félaginu er óheimilt að nota það í öðrum tilgangi svo sem samningsgerð eða aðra milli göngu í viðskiptaskyni.

25. gr.

Breytingar á spjaldskránni skal heimilt að gera tvisvar á ári á þar til boðuðum fundi. Skal hver félagsmaður eða umbjóandi hans sjá um sína síður í spjaldskránni.

26. gr.

Óski félagsmaður eftir að fjarlægja skyggnur sínar úr spjaldskránni, ber honum að tilkynna það stjórn félagsins með mánaðar fyrirvara.

27. gr.

Spjaldskránni fylgi skrá, sem fært er inn notkun spjaldskrárinnar hverju sinni, í hvaða tilgangi ásamt dagsetningu.

28. gr.

Sé spjaldskráin lánuð vegna fyrirlestrahalds eða ritstarfa skal greiðast fyrir það daggjöld, sem renni til viðhalds á spjaldskránni.

29. gr.

Skyggur í spjaldskránni eru ekki eign félagsins heldur hvers félagsmanns fyrir sig.

## VII. KAFLI

### Eignir og reikningshald

30. gr.

Meiriháttar fjárhagslegar skuldbindingar er félaginu eða stjórn þess óheimilt að gera án samþykkis löglegs félagsfundar.

31. gr.

Eignir allar á félagið sem heild og getur því enginn hvorki meðan hann er félagi eða við brottför úr félaginu gert tilkall til þeirra.

32. gr.

Reikningsár félagsins er starfsár stjórnar.

Lög þessi voru samþykkt á félagsfundi félagsins í maí 1986.